



Í ÞÍNUM HÖNDUM

Nokkur sannleikskorn um endurvinnslu

Má bjóða þér heim í stofu?



Hver íbúi á höfuðborgarsvæðinu fleygir að meðaltali um 223 kílóum af úrgangi í tunnuna á ári.

Úrgangsmyndun er samfélagsmál



- Myndun úrgangs hefur undanfarin ár aukist hröðum skrefum á Íslandi samfara vaxandi velferð. Úrgangur skapar mörg umhverfisvandamál þar sem stærsti hluti þess sem við hendum er grafinn í jörðu (urðaður) eða brenndur.



Í þínum höndum



Ein leið til þess að breyta rétt gagnvart umhverfinu er að flokka heimilissorp til endurvinnslu.

Tekur þú þátt?

- Hversu margir hér flokka úrgang heima hjá sér og skila til endurvinnslu?
- Hvað flokkið þið þá helst?

Það er aldrei of seint að byrja!



Jákvætt viðhorf til endurvinnslu

- Skv. könnun Capacent Gallup frá árinu 2008 er viðhorf almennings til endurvinnslu mjög jákvætt en tæp 94% landsmanna telja endurvinnslu mikilvæga.
- Kannanir sýna þó að sá hópur sem síst flokkar úrgang er á aldrinum 16-24 ára.

Hver ætli ástæðan sé fyrir dræmri þátttöku ungs fólks?

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs

- Umhverfisstofnun ber lögum samkvæmt að semja landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Markmið hennar er að minnka urðun á lífrænum úrgangi. Miðað er við árið 1995 og má urðun aðeins vera:



● 75% af því sem hún var 1995



● 50% af því sem hún var 1995



● 35% af því sem hún var 1995

Til þess að þetta verði að veruleika er ljóst að átaks er þörf.


Hvað er endurvinnsla?

- Ýmsar náttúruauðlindir jarðar, t.d. skógar, jarðolía, jarðvegur og málmur, eru notaðar til að framleiða þær vörur sem við kaupum. Hafa ber í huga að náttúruauðlindirnar eru ekki óendanlegar.
- Þegar notuð vara er endurunnin er henni breytt í nýja vöru án þess að gengið sé á náttúruauðlindir.



Vissir þú að það má endurvinna
bylgjupappakassa allt að sjö sinnum?

Úrgangurinn er verðmætt hráefni



Vöruhringrás



Í þínum höndum – myndband



- Stór hluti þess úrgangs sem er flokkað til endurvinnslu á Íslandi er fluttur til útlanda.
- Myndbandið sem nú verður sýnt sýnir meðhöndlun og flokkun úrgangs í Þýskalandi.
- Flutningur á flokkuðum úrgangi til endurnýtingar eða endurvinnslu losar gróðurhúsalofttegundir rétt á meðan á flutningum stendur.
- Sé úrgangurinn urðaður gefur hann frá sér gróðurhúsalofttegundir í allt að 100 ár.



Ávinningur af endurvinnslu

- Nýtir hráefni og viðheldur hringrás efna í náttúrunni
- Dregur úr urðun og sparar þannig landsvæði
- Dregur úr ýmiss konar umhverfismengun
- Orka sparast
- Það er ódýrara fyrir samfélagið að endurvinna en urða
- Gerir okkur meðvituð um eigin neyslu
- Minnir okkur á að við erum ábyrg fyrir umhverfi okkar
- Ferðum með ruslapoka út í tunnu fækkar
- Minna sorp – meiri verðmæti!



Byrjaðu að endurvinnna í fjórum einföldum skrefum



- Skref 1 – TAKTU ÁKVÖRÐUN
- Skref 2 – KYNNTU ÞÉR SAFNSTÖÐVARNAR
- Skref 3 – MERKTU VIÐ Á DAGATALINU
- Skref 4 – FLOKKAÐU



Mikilvægt að vanda flokkun

- Vandlega flokkaður úrgangur er hráefni í nýjar vörur.
- Blandaður úrgangur er ónýtanlegur.
- Hver flokkur á sinn gám.
- Aðskotahlutir með úrgangi geta valdið skemmdum á vélum og vélbúnaði og haft neikvæð áhrif á endurvinnslu hráefnis.




Hvað á að flokka til endurvinnslu?


- Hvert sveitarfélag fyrir sig setur reglur um móttöku, flokkun og eyðingu úrgangs. Í öllum sveitarfélögum er tekið á móti spilliefnum og langflest þeirra taka við:



Pappír



Flöskum



Pappa



Timbri



Garðaúrgangi



Fatnaði



Plasti



Húsbúnaði

Hvað eru spilliefni?

- Spilliefni eru úrgangur sem getur valdið umhverfi og heilsu manna miklu tjóni og því mikilvægt að þeim sé fargað á réttan hátt.




Rafhlöður og rafgeymar



Lakk, málning, tjöruhreinsir, vítissóði og þynnir



Olía



Skordýraeitur og önnur eiturefni



Kvikasilfur, t.d. í hitamælum

Blettaeyðir, hreinsilögur, klósetthreinsir og stíflukeyðir



Lím



Klór eða klórmenguð efni



Framköllunarvökvi, „tipp-ex“ og naglalakk



Lyfjum er hægt að skila í apótek um allt land

Gott er að hafa að leiðarljósi



- Að flokka jafnóðum
- Að draga úr sorpi / nota minna
- Að skapa / nýta efnisleg verðmæti
- Að gera sér grein fyrir hvaða áhrif við höfum á umhverfið og hver sé ábyrgð einstaklingsins á magni, samsetningu og viðunandi förgun úrgangs
- Að vera meðvituð um neysluvenjur
- Að efla ábyrgð gagnvart umhverfinu



Leggðu þitt af mörkum – einfaldara getur það ekki verið!

- Á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is, getur þú fundið upplýsingar um hvert er hægt að skila flokkuðum úrgangi til endurvinnslu.
- Athugaðu að það er mismunandi eftir sveitarfélögum hvaða lausnir eru í boði.



Verkefni

- Finndu einföldustu leiðina til að flokka sorp til endurvinnslu í þínu sveitarfélagi.
- Gerðu skilmerkilega grein fyrir því hvað hentar þínu heimili með viðeigandi rökstuðningi.
- Skilaðu á rafrænu formi til kennara.





ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Samstarfsaðilar:

